

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Vesturvör 38A og 38B. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 14. nóvember 2023 breytingu á deiliskipulagi Kársneshafnar, Vesturvör 38 til 50, fyrir lóðirnar nr. 38A og 38B við Vesturvör.

Í breytingunni felst að lóðin Vesturvör 38A minnkar úr 8.900 m² í 8.600 m². Byggingarreitir breytast en byggingarmagn er óbreytt 12.000 m². Lóðin Vesturvör 38B minnkar úr 11.300 m² í 10.900 m². Byggingarreitir breytast en byggingarmagn helst óbreytt 12.000 m².

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 2. febrúar 2024.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 5. febrúar 2024